Alþýðusamband Íslands

Forseti, framkvæmdastjóri og kæru bræður og systur.

Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi minna samtaka við þeim ályktunum sem stjórn ITUC hefur lagt fyrir þetta þing og Guy Raider kynnti í skýrslu sinni til þingsins í gær. Þar sem ég kem frá því landi sem varð fyrst fyrir barðinu á falli Lehman Brothers, þar sem meira en 90% af bankakerfinu varð gjaldþrota í kjölfarið með skelfilegum afleiðingum fyrir hagkerfið og launafólk á Íslandi. Meira en 20% af störfunum okkar og þriðjungur af tekjum ríkissjóðs hurfu eins og dögg fyrir sólu á nokkrum mánuðum. Kæru bræður og systur, það er athyglisvert að skoða stöðu lífeyrissjóðanna okkar á sama tíma – en þeim er stjórnað sameiginlega af samningsaðilum á vinnumarkaði. Lífeyrissjóðirnir stóðust hrun fjármálakerfisins vegna þess að kjarasamningar okkar kveða skýrt á um aðhaldssama fjárfestingastefnu og dreifða eignasamsetningu. Þannig að þrátt fyrir að þeir hafi tapað talsverðum fjármunum, sem hefur áhrif á lífeyrir okkar, var tap þeirra ekki nema 8,5% að nafnverði sem undirstrikar betur en margt annað hvers kona fjárhættuspil bankarnir voru þátttakendur í og hvað félagslega ábyrg fjárfestingarstefnu getur áorkað – þetta skulum við hafa í huga í glímu okkar við alþjóðlegan fjármálamarkað.

En kæru félagar, það er einmitt vegna þessara áhrifa fjármálakreppunar á atvinnu okkar félagsmanna að það er svo mikilvægt fyrir okkur að koma mikilvægum skilaboðum okkar ályktanna á framfæri bæði við leiðtoga þessa heims á G20 fundinum í Toronto á föstudaginn og ekki síður við gagnaðila okkar – við atvinnurekendur þessa heims. Við verðum að vinna gegn því á öllum vígstöðvum að hagkerfi nýfrjálshyggjunar, sem leiddi heiminn í þessar skeflilegu ógöngur, verði endurræst þannig að allt fari aftur í sama farið. Þetta er og verður okkar mikilvægasta verkefni og markmið, þetta verðum við að heita félagsmönnum okkar – aldrei aftur!

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að undirstrika áherslu minna samtaka á tvennt. Annars vegar er það mikilvægi þess að lagður sé grunnur að hagvexti með fjölgun starfa og betri afkomu. Stjórnvöld verða að setja áhersluna á uppbyggingu og atvinnusköpun í forgang – og við eigum að gera það að forsendu fyrir samstarfi við okkur. Hins vegar vil ég ítreka áherslu okkar á að innleitt verði í löggjöf skýr ákvæði um réttlátari og sanngjarnari endurskipulagningu á skuldum heimilanna. Það verður að bæta réttarstöðu skuldara á þann hátt, að höfuðstóll lána og endurgreiðslubyrði verði stillt af m.v. greiðslugetu og eignarstöðu viðkomandi heimila. Við verðum einnig að koma í veg fyrir það, að bankarnir færi tap liðinna ára af yfirgengilegri græðgi og fjárhættuspili yfir á heimilin í formi hárra vaxta og ósanngjarnrar endurgreiðslubyrði. Afleiðingar þess fyrir hagkerfi heimsins yrði skelfilegar og framkalla djúpa og langvarandi heimskreppu vegna áhrifanna á einkaneysluna – stærsta einstaka þátt landsframleiðslunnar!

Kæru bræður og systur, stundum getur tilveran verið undarleg og stuðningur komið úr óvæntum áttum. Þegar við settum þessar kröfur fram við stjórnvöld á Íslandi, fengum við óvæntan stuðning frá AGS við þessum tillögum. AGS hefur ítrekað komið því á framfæri að það gangi of hægt að endurskipuleggja fjármál heimilanna og að það tefji efnahagsbatann.

Að lokum vil ég koma á framfæri bæði viðurkenningu og þakklæti okkar til þin Guy. Þú hefur verið sannur leiðtogi Alþjóðasamtakanna og verið okkur fyrirmynd í baráttunni við afleiðingar hnattvæðingarinnar og yfirstandandi kreppu. Tillögur þínar um hnattræna samstöðu í Myazaki og hugmyndir um hvernig við getum tengt saman baráttu einstakra stéttarfélaga í nærsamfélaginu í hnattræna, samfellda og samræmda baráttu á alþjóðavettvangi hefur virkilega breytt heiminum. Fyrir það erum við þér þakklát!